

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 12. ágúst 2022
UST202208-075/A.B.
09.08.03

Efni: Umsögn - Framkvæmd við bílastæði við upphaf gönguleiðar A við Fagradalsfjall - Grindavíkurbær

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags – og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 10. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir við bílastæði við upphaf gönguleiðar A við Fagradalsfjall.

Í erindinu kemur fram að fyrirhugað sé að stækka bílastæðin við upphaf gönguleiðar A um 800 m². Fyrirhugað er að stækka bílastæðið til norðaustur ásamt því að afmörkun verður sett á enda bílastæðis til að stýra umferð af bílastæðinu inn á gönguleiðina á einum stað til að lágmarka rask á hrauni í jaðri gönguleiðar og bílastæðis. Þá verður jaðar á núverandi bílastæði lagaður til.

Auk þess fylgdi skýringaruppráttur með erindinu sem sýnir framkvæmdasvæðið. Umhverfisstofnun bendir á að hér er stofnunin að veita umsögn varðandi stækkun á bílastæðinu sem er afmarkað með fjólubláum reit á upprætti.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur því ríka áherslu á, að við framkvæmdir verð hraunjaðrinum á norðaustur hluta svæðisins ekki raskað.

Stýring ferðamanna.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sett sé upp, samhliða stækkun á bílastæði, kaðalgirðing og skýrar merkingar sem beina ferðamönnum á gönguleiðina til að halda raski á hrauni, gróðri og mosa í algjöru lágmarki.



UMHVERFIS
STOFNUN

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri